

# LEIÐBEININGAR UM GERÐ JAFNRÉTTISÁÆTLANA



## Leiðbeiningar um gerð jafnréttisáætlana

Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands og Jafnréttisstofa hafa gefið út leiðbeiningar um gerð jafnréttisáætlana fyrir íþróttá- og ungmennafélög og íþróttahéruð. Markmiðið með leiðbeiningunum er að stuðla að auknu jafnrétti innan íþróttá- og ungmennafélaga og íþróttahéraða og aðstoða við gerð jafnréttisáætlana.

### Fyrirmyndarfélag ÍSÍ og Fyrirmyndarhérað ÍSÍ eru gæðaverkefni íþróttá-hreyfingarinnar er snúa að íþróttastarfi

Til að geta talist fyrirmyndarfélag þurfa íþróttá- og ungmennafélög m.a. að tryggja kynjajafnrétti í starfsemi sinni og skila jafnréttisáætlun til ÍSÍ. Hið sama gildir um íþróttahéruð. Bent skal á að í sumum tilvikum hafa íþróttahéruð mótað stefnu/áætlun í þessum efnum og aðildarfélag fylgja svo þeirri stefnu.

### Hvað er jafnréttisáætlun?

Jafnréttisáætlun er mikilvægt verkfæri til að vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna innan íþróttá- og ungmennafélaga. Eins og allar góðar áætlanir þurfa jafnréttisáætlunir að vera formlega samþykktar og kveða á um markmið og aðgerðir sem hafa jafnrétti kynjanna að leiðarljósi.

Úttekt á stöðu kynjanna inna félags/deildar/héraðs ætti að vera upphafsatriði við gerð jafnréttisáætlunar eigi árangur að nást. Slík úttekt á að leiða í ljós veikleika og styrkleika ásamt því að byggja grunn til að hægt sé að meta árangur.

Ef árangur á að nást þarf stjórn héraðs/félags og eftir atvikum deilda að vinna saman að gerð jafnréttisáætlunarinnar. Einnig þarf að kynna áætlunina vel innan félagsins og sérstaklega meðal þeirra sem gegna ábyrgðarstöðum.

Í 15. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna segir að samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða skuli gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í íþróttastarfi. Markmiðið er að velja alltaf þá kosti sem færa starfið nær kynjajafnrétti.

### Gátlisti

Hér að neðan er gátlisti yfir þau atriði sem hafa þarf í huga við mótun jafnréttisáætlunar. Í áætluninni þurfa atriði gátlistans að koma fram sem markmið.

Sambærileg aðstaða	Samræmi í ráðningu, menntun og kröfum til þjálfara
Samræmi í fjárúthlutunum	Bæði kyn í stjórnun, ráðum og nefndum
Samræmi í tímaúthlutunum	Bæði kyn í hópi starfsfólks
Samræmi í verðlaunum	Málsvarar af báðum kynjum
Samræmi í launamálum	Kynbundið ofbeldi, kynbundin-
Samræmi í umfjöllun	og kynferðisleg áreitni.

Einnig þarf að koma fram með hvaða hætti félag/deild/hérað ætlar að ná markmiðinu, hver ber ábyrgð á því og hver tímaramminn er. Sjá dæmið hér á eftir.

## LEIÐBEININGAR UM GERÐ JAFNRÉTTISÁÆTLANA

### Dæmi: Sambærileg aðstaða:

Markmið Hvað?	Aðgerð Hvernig?	Ábyrgð Hver?	Tímarammi Hvenær?
Að bæði kynin hafi sambærilega aðstöðu til íþróttaiðkunar	Kyngreind úttekkt: Hvernig er æfingátíðum, aðbúnaði og aðstöðu skipt milli kynja	Formaður/framkvæmda- /íþróttastjóri	Einu sinni á ári / tvisvar á ári

Rétt er að geta þess að ekki er víst að öll atriði gátlistans eigi við í hverju tilfelli þar sem starfsemi íþróttta- og ungmennafélaga er ekki eins og starfsemi íþróttahéraða.

Í 14. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna er tekið á kynbundnu ofbeldi, kynbundinni- og kynferðislegri áreitni. Fyrirmyndarfélag/-deildir/-héruð eru með áætlanir í þessum efnum undir öðrum lið samkvæmt gátlista þess efnis, þ.e. í fræðslu- og forvarnarstefnu. Mælt er til þess að vísað sé í þessar áætlanir í jafnréttisáætluninni eða að birta áætlanirnar þar í heild sinni.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni innan íþróttafélagsins / deildarinnar / héraðsins	Fræðsla fyrir þjálfara ... Vinna viðbragðsáætlun V iðbragðsáætlunin kynnt fyrir starfsfólki.	Formaður/framkvæmda- stjóri/íþróttastjóri	Árlega / á tveggja ára fresti.

### Eftirfylgni

Jafnréttisáætlun skal endurskoða á fjögurra ára fresti eða til samræmis við endurnýjun fyrirmyndarfélaga/-deilda/-héraða. Jafnréttisáætlun er engu að síður lifandi plagg og getur tekið breytingum oftast ef þurfa þykir. Mikilvægt er að hafa áætlunina í huga í öllu starfi félagsins á hverjum tíma.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að jafnréttisáætlunin sé í sífelldri þróun eins og önnur stefnumótun.	Vinna tillögu að nýrri jafnréttisáætlun á grundvelli reynslu/verkefna.	Formaður/framkvæmda- stjóri/íþróttastjóri	Á tveggja ára fresti



Ef eitthvað er óljóst og/eða ef einhverjar spurningar vakna er alltaf hægt að leita til ÍSÍ og/eða Jafnréttisstofu.



Jafnréttisstofa

Borgum við Norðurslóð 600 Akureyri  
Sími 460-6200 – netfang [jafnretti@jafnretti.is](mailto:jafnretti@jafnretti.is)



Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands  
Sími: 514-4000 – netfang: [isi@isi.is](mailto:isi@isi.is)